

Ed.

271. Breytingartillögur

við frv. til vatnalaga.

Flutningsm.: Einar Arnason.

1. Við 1. gr.

A undan fyrstu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Almenningur: Sá hluti vatns, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landar-
eignanna.

2. Við 7. gr.

C-liður verði þannig:

c) að veita vatni úr landi sínu í annara land,
ef tjón eða hættu er af því búin eign annars manns eða rjettindum,
óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hættu að nokkru
ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings.